

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1429**

2022/EES/26/34

frá 31. maí 2021

**um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 að því er varðar
gögn um ný, þung ökutæki sem aðildarríki eiga að vakta og gefa skýrslu um (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 frá 28. júní 2018 um vöktun og skýrslugjöf vegna koltvísýringslosunar og eldsneytisnotkunar nýrra þungra ökutækja ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 11. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að hægt sé að framkvæma ítarlega greiningu, í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) 2018/956, er nauðsynlegt að afla gagna til að mögulegt sé að greina þung ökutæki, sem skráð eru sem „ökutæki til sérstakra nota“, eins og skilgreint er í lið 2.2. í A-hluta I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ⁽²⁾, og til að ákvarða sértæka meðalkoltvísýringslosun framleiðanda að því er varðar reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 ⁽³⁾. Slík gögn eru skráð í færslu 51 í samræmisvottorði nýskráðs þungs ökutækis. Því er nauðsynlegt að aðlaga kröfurnar um gögn, sem tilgreindar eru í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956, að því er varðar gögn sem aðildarríki eiga að vakta og gefa skýrslu um.
- 2) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2018/956 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Breyting á reglugerð (ESB) 2018/956**

Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/956 bætist eftirfarandi o-liður við:

- „o) að því er varðar ökutæki til sérstakra nota, sem eru skráð til 30. júní 2021, ef upplýsingarnar eru fyrir hendi, og í öllum tilvikum að því er varðar ökutæki til sérstakra nota sem eru skráð frá 1. júlí 2021: tilgreining þeirra, eins og tilgreint er í færslu 51 í samræmisvottorðinu.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 309, 2.9.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 173, 9.7.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjútíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1242 frá 20. júní 2019 um að setja staðla um frammistöðu vegna losunar koltvísýrings fyrir ný, þung ökutæki og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 595/2009 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/956 og tilskipun ráðsins 96/53/EB (Stjútíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 202).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
